

Miðvikudaginn 2. október 1974.

Nr. 68/1973: **Innheimtumaður ríkisins í Hafnarfirði**

(Hjörtur Torfason hrl.)

gegn

Sverri K. Bjarnasyni

(Árni Halldórsson hrl.).

Dómenndur:

**hæstaréttardómaramirnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr,
Einar Arnalds, Logi Einarsson og Magnús P. Torfason.**

Skattamál. Frádráttur. Vextir. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi áfrýjaði upphaflega máli þessu með stefnu 23. mars 1973, að fengnu áfrýjunarleyfi 15. s. m. Útivistardómur gekk í því máli 2. maí 1973. Samkvæmt heimild í 36. gr. laga nr. 57/1962 áfrýjaði áfrýjandi málinu af nýju með stefnu 4. maí 1973. Áfrýjandi krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og að heimiluð verði framkvæmd lög- taks í eignum stefnda til tryggingar kr. 8.185.00 ásamt 1% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð frá 1. desember 1971 til greiðsludags og kostnaðar við lögtak og eftirfarandi uppboð. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestningar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

I.

Svo sem greinir í hinum áfrýjaða úrskurði, sækir áfrýj- andi stefnda í máli þessu um greiðslu eftirstöðva af þing- gjöldum hans, álögðum 1970. Frumúrlausnarefnið er það, hvort vextir af þremur skuldabréfum, sem stefndi var skuld- ari að, og áfallnir voru við lok skattársins 1969 samkvæmt efni skuldabréfa, en eigi gjaldfallnir, séu frádráttarbærir við skattálagningu 1970. Er fyrsta bréfið gefið út 6. mars 1969, að fjárhæð kr. 293.000.00. Ber það 8% ársvexti og skal greitt að fullu með jöfnum ársgreiðslum vaxta og afborgana á 35

árum, í fyrsta skipti 7. mars 1970. Hin bréfin tvö, sem mál þetta varðar, eru gefin út 1. september 1969, samtals að fjárhæð kr. 207.000.00. Skuldin skal greiðast með jöfnum árlegum afborgunum á 10 árum með 7% ársvöxtum, er reikna skal frá 1. apríl 1969, en fyrsta greiðsla afborgana og vaxta skal fara fram 1. apríl 1970.

Stefndi taldi á skattframtölum sínum árið 1970 til frádráttar tekjum vexti af skuldabréfum þessum, sem stöfuðu frá árinu 1969, þótt gjalddagi vaxta væri eigi kominn. Þykir eigi þörf á að rekja skattframtal hans um aðra vexti, svo sem mál þetta horfir við fyrir Hæstarétti.

II.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur verið aflað gagna um framkvæmdavenju skattstjórnvalda um frádrátt vaxta af skuldum skattþegna. Samkvæmt skýrslu ríkisskattstjóra frá 16. maí 1974 hefur skattfrankvæmd verið mismunandi eftir því, hvort skattþegnar hafa með höndum atvinnurekstur eða ekki. Er það meginregla, að hinum síðarnefndu hefur verið leyft að draga frá tekjum sínum vexti af lánnum, sem féllu í gjalddaga á skattárinu, hvort sem þeir voru greiddir í árslok eða eigi. Hins vegar hefur verið synjað um frádrátt, ef vextir voru eigi í gjalddaga fallnir fyrir lok skattárs. Þeim, sem atvinnurekstur stunda, hefur hins vegar verið leyft að draga frá tekjum sínum þá vexti af atvinnurekstrarlánnum, sem stafa frá skattárinu, þótt þeir séu eigi gjaldfallnir við lok þess árs. Samkvæmt skýrslu skattstjórans í Reykjavík hefur þessi framkvæmdarháttur verið á hafður með fáum frávikum a. m. k. allt frá 1934. Fram kemur þó í hinum nýju gögnum, að ekki hefur þessi skattaframkvæmd verið einhlít, sbr. úrskurð skattstjórans í Reykjavík 14. október 1971 og úrskurð ríkisskattanefndar 12. september 1973, þar sem skattþegnum, sem höfðu eigi með höndum atvinnurekstur, var leyfður frádráttur á vöxtum, sem eigi voru í gjalddaga fallnir.

III.

Samkvæmt 12. gr. laga nr. 90/1965 um tekju- og eignarskatt, sem hér á við, er leyfilegt að draga frá tekjum, áður

en skattur er á lagður, vexti „af skuldum gjaldanda öðrum en þeim, er um ræðir í A-lið 11. gr.“. Eru nánari ákvæði um frádrátt þennan m. a. í A lið 31. gr., sbr. 26. gr. reglugerðar 245/1963. Greind ákvæði laga nr. 90/1965, sem eru litið breytt frá fyrri skattalögum, taka eigi berum orðum afstöðu til þess, hvort þeir vextir einir séu frádráttarbærir, sem fallnir séu í gjalddaga. Lögskýringargögn veita litla fræðslu um, hvernig skýra eigi ákvæðin að þessu leyti, og skattframkvæmd virðist vera nokkuð á reiki. Ákvæði skattalaga stemma eigi stigu við, að sá háttur sé á hafður um frádrátt vaxta, er stefndi hefur valið í skattframtali sínu 1970, en bríður eru eigi á það bornar, að vaxtatal stefnda sé rétt miðað við þann hluta vaxtagreiðslu, sem á var fallinn við árslok 1969. Eigi er sýnilegt, að ákvæði skattalaga geri mun á skattþegnum að þessu leyti eftir því, hvort þeir hafa með höndum atvinnurekstur eða eigi. Sá háttur, sem lögmaður er um tekjur í 2. málsg. 18. gr. laga nr. 90/1965, styrkir og þann lögskýringarkost, sem stefndi reisir málstað sinn á, þegar litið er til samkvæmni í skattalögum og meginreglum skattaréttar. Stefndi hefur að vísu eigi gætt fulls samræmis í framtali vaxta, svo sem vera ber. Það þykir þó eigi, eins og hér stendur á, eiga að standa því í vegi, að fallist verði á þá kröfu hans, að synjað verði um framgang hinnar umbeðnu gerðar. Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð að niðurstöðu til, þ. á m. um greiðslu málskostnaðar.

Rétt þykir, að áfrýjandi greiði stefnda kr. 35.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, innheimtumaður rikissjóðs í Hafnarfirði, greiði stefnda, Sverri K. Bjarnasyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 35.000.00.

S é r a t k v æ ð i

hæstaréttardómaranna Benedikts Sigurjónssonar
og Magnúsar Þ. Torfasonar.

Samkvæmt gögnum máls hefur stefndi á framtali sínu árið 1970 fylgt þeirri aðferð við frádrátt vaxta af skuldum frá framtöldum tekjum að miða ýmist við, hvort vextir af skuld höfðu fallið í gjalddaga og verið greiddar á árinu 1969 eða vextir af skuldinni voru vegna vaxtatímabils, sem að hluta kom á það ár.

Um frádrátt vaxta af skuldum skattþegns frá tekjum hans er fjallað í A lið 12. gr. laga nr. 90/1965, sem hér eiga við. Ákvæði þetta tekur ekki skýrum orðum afstöðu til þess, hverjum nánari skilyrðum frádráttarbærni vaxta af skuldum sé háð. Þegar gætt er ákvæða 31. gr., sbr. 26. gr. og 57. gr. reglugerðar nr. 245/1963, sbr. 55. gr. laga nr. 90/1965, framkvæmdarvenju skattstjórnarvalda um vaxtafrádrátt, þótt eigi sé einhlít, framtalshátta stefnda og hagsmuna framteljenda almennt, þykir mega fallast á það með áfrýjanda, að stefnda hafi ekki verið rétt að færa til frádráttar á framtali sínu 1970 þau vaxtagjöld, sem hvorki voru greidd né í gjalddaga fallin fyrir árslok 1969. Ber því að fella hinn áfrýjanda úrskurð úr gildi og leggja fyrir fógeta að framkvæma hið umbeðna lögtak, en eigi er deilt um fjárhæðir.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð :

Lögtak skal fram fara hjá stefnda, Sverri K. Bjarnasyni, til tryggingar kr. 8.185.00 ásamt 1% vöxtum á mánuði frá 1. desember 1971 til greiðsludags.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður fógetaréttar Hafnarfjarðar 8. desember 1972.

Í máli þessu, sem dómtekið var hinn 4. þ. m., hefur bæjarfógetinn í Hafnarfirði sem innheimtumaður ríkissjóðs krafist þess fyrir hönd ríkissjóðs, að gert verði lögtak í svo miklu af eignum gerðar-

þola, Sverris K. Bjarnasonar, að nægi til tryggingar ógreiddum tekjuskatti að fjárhæð kr. 8.185.00 ásamt 1% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 1. desember 1971 til greiðsludags ásamt kostnaði við lögtaksgerðina og eftirfarandi uppboð, ef til kemur, svo og öllum kostnaði við flutning málsins fyrir fógeta-réttinum, gerðarbeiðanda að skaðlausu.

Gerðarþoli krefst þess, að synjað verði um framgang gerðar-innar og honum tildæmdur málskostnaður, hvernig sem málið fer.

Tildrög málsins eru þau, að samkvæmt úrskurði skattstofu Reykjanesumdæmis, dags. 11. september 1970, var tekjuskattur gerðarþola fyrir yfirstandandi gjaldár hækkaður um kr. 10.399.00. Af þeirri fjárhæð greiddi gerðarþoli undir rekstri þessa máls kr. 2.154.00. Eftir stendur hin umdeilda skattfjárhæð í máli þessu, kr. 8.185.00, og er hún þannig tilkomin, að með ofangreindum úrskurði var gerðarþola synjað um að færa til frádráttar á skatt-framtali sínu áfallna ógreidda vexti af veðlánnum, samtals að fjár-hæð kr. 30.397.00. Er þar annars vegar um að ræða vexti af tveim handhafaskuldabréfum, sem á féllu á tímabilinu frá 1. apríl 1969 til áramóta, en skyldu greiðast eftir á á gjalddaga bréfanna hinn 1. apríl 1970, samtals að fjárhæð kr. 10.867.00, og hins vegar vexti af skuldabréfi Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, sem á féllu á tímabilinu frá 7. mars 1969 til áramóta, en greiðast skyldu eftir á hinn 7. mars 1970, að fjárhæð kr. 19.530.00. Hinn umdeildi skatt-stofn er því kr. 30.397.00, hin umdeilda skattfjárhæð kr. 8.185.00 og ágreiningsefnið, hvort gerðarþola sé heimilt að færa til frá-dráttar á skattframtali áfallna vexti, sem ekki eru gjaldfallnir um áramót.

Af hálfu gerðarbeiðanda er því haldið fram, að sú verklags-regla hafi gilt hjá skattayfirvöldum, að vextir af öðrum lánnum en lánnum til atvinnurekstrar séu eigi leyfðir til frádráttar fyrr en gjaldfallnir eru. Hafi skattayfirvöld byggt þessa niðurstöðu á ákvæðum síðasta málsliðar 1. töluliðar C liðar 14. greinar reglu-gerðar nr. 245 frá 1963 um vaxtatekjur og b lið 3. málsgreinar 26. gr. sömu reglugerðar um vaxtagjöld. Til viðbótar þessum reglu-gerðarákvæðum, sem skattayfirvöld hafa vitnað til í úrskurðum sínum um þetta efni um árabíl, sbr. einnig samsvarandi ákvæði reglugerðar nr. 147 frá 1955, sem áður gildi, þá bendir gerðarbeið-andi í máli þessu á ákvæði A liðar 12. gr. laga nr. 90/1965 og tel-ur, að séu hin tilvitnuðu ákvæði skýrð með hliðsjón af 18. grein laga nr. 90/1965, þá sé ótvírætt, að ekki sé heimilt að draga ógjald-fallna, en áfallna vexti, frá tekjum á skattframtali.

Gerðarbeiðandi leggur áherslu á, að verklagsregla sú, sem skattayfirvöld hafa beitt, sé bæði skiljanleg og eðlileg og til hagsbóta bæði fyrir framteljendur og skattayfirvöld. Næstum útilokað sé að krefjast þess af óbókhaldsfróðum aðiljum, að þeir reikni út við gerð skattframtals, hvaða vextir séu áfallnir í árslok. Þá þyrftu þeir einnig að reikna til baka fyrirfram greidda vexti til þess að finna hina réttu stöðu um áramót. Þetta geti fyrirtæki gert og geri, en hinn almenni framteljandi eigi þess ekki nokkurn kost, nema með því að kaupa sér aðstoð til þess að telja fram til skatts. Hingað til hafi stefna löggjafans og skattayfirvalda einmitt verið sú að gera framtalsreglur ekki flóknari en svo, að hinn almenni launþegi sé sjálfur fær um að útfylla skattframtal sitt réttilega. Liður í þeirri stefnu sé sá að færa aðeins til frádráttar þá vexti, sem séu gjaldfallnir. Það sé einnig ljóst, að þessi regla auki ekki skattbyrði gjaldþegns, til lengdar jafnist þetta milli ára, að lokum fái menn alla greidda vexti fráðregna.

Af hálfu gerðarþola er á það bent, að í lögum um tekju- og eignarskatt nr. 90/1965 er fjallað um vexti til frádráttar tekjum í 11. gr., A lið, og 12. gr., A lið, og með hliðsjón af 18. gr. telur gerðarþoli einsætt, að allir áfallnir vextir á skattárinu séu frádráttarbærir, hvort sem þeir eru gjaldfallnir eða ógjaldfallnir, greiddir eða ógreiddir. Gerðarþoli telur enn fremur, að ákvæði reglugerðar nr. 245/1963, einkum 26. gr., 31. gr., A liður, 44. gr., 51. gr., 10. tl. 1. mgr. 53. gr. og 57. gr. staðfesti þessa skoðun.

Gerðarþoli leggur sérstaka áherslu á, að það sé í bestu samræmi við 18. gr. laga nr. 90/1965 að telja alla áfallna vexti, og aðeins þá vexti, til gjalda á viðkomandi skattári. Annars sé raunverulega verið að færa skattgreiðslu milli ára án heimildar í lögum.

Þá telur gerðarþoli, að erfitt sé að ákvarða, hvað sé atvinnurekstur, mörkin séu oft óglögg. Vextir af íbúðarlánnum séu í raun hliðstæðir vöxtum af lánnum til atvinnurekstrar. Tekjur íbúðar eiganda af notkun íbúðar séu skattlagðar og vextir séu hluti af rekstrarkostnaði íbúðar. Hann telur óréttlátt, að maður, sem kaupir íbúðarhúsnæði, t. d. á miðju ári, eins og gerðarþoli í máli þessu, greiði skatt af húsaleigu, sem til fellur fram til ársloka, en fái ekki til frádráttar áfallna vexti fyrir sama tímabil, þótt þeir séu í raun hluti af rekstrarkostnaði íbúðarinnar.

Í máli þessu hafa verið lagðir fram nokkrir úrskurðir ríkisskattanevndar. Í forsendum úrskurðar ríkisskattanevndar nr. 352 frá 28. maí 1964 segir svo:

„Skattstjóri synjar kæru kæranda með svofelldum rökstuðningi:

„Skv. annarri málsgrein 18. gr. laga nr. 70/1962 segir svo: Tekjur skal að jafnaði telja til tekna á því ári, sem þær verða til, þ. e. þegar vegna þeirra hefur myndast *krafa á hendur einhverjum*, o. s. frv.

Með tilliti til ofangreindrar túlkunar laganna á tekjum til skatts verður að álíta, að sama regla gildi um þann frádrátt, sem um ræðir í 12. gr. sömu laga, þ. e. að vextir séu eigi frádráttarbærir til skatts, fyrr en þeir eru gjaldfallnir, en reiknaðir áfallnir vextir, miðað við tímamót fyrir gjalddaga, séu eigi frádráttarbærir, þar sem krafa á hendur lántakanda um greiðslu vaxtanna er eigi fyrir hendi fyrr en eftir gjalddaga.“

Engin ný rök koma fram í kæru umbm. kæranda til ríkisskattanefndar.

Sú verklagsregla hefur gilt frá skattyfirvöldum, að vextir af öðrum lánnum en af lánnum vegna atvinnurekstrar hafa eigi verið leyfðir til frádráttar, fyrr en gjaldfallnir eru, og virðist það geta stuðst við síðasta málslið 1. töluliðar C-liðar 14. gr. reglugerðar nr. 147/1955 um vaxtatekjur, sbr. og c-lið 4. mgr. 26. gr. greindrar reglugerðar um vaxtagjöld. Hér virðist um að ræða vaxtagjöld af skuldabréfi með reglulegum gjalddaga vaxta og afborgana. Eftir atvikum þykir mega fallast á þessa verklagsreglu skattyfirvalda. Með hliðsjón af því þykir mega staðfesta úrskurð skattstjóra.“

Í forsendum úrskurðar ríkisskattanefndar nr. 438 frá 10 nóvember 1967 segir svo:

„Með hliðsjón af framtali kæranda og kærum virðist hér um að ræða útreikning á vöxtum fyrir hluta ársvaxta, sem ekki eru gjaldfallnir fyrr en á árinu 1967. Sú verklagsregla hefir gilt hjá skattyfirvöldum, að vextir af öðrum lánnum en af lánnum vegna atvinnurekstrar hafa eigi verið leyfðir til frádráttar, fyrr en gjaldfallnir eru, og virðist það hafa stoð í lögum, sbr. síðasta málslið 1. töluliðar C-liðar 14. gr. reglugerðar nr. 245, 1963 um vaxtatekjur, sbr. einnig b-lið 3. málsg. 26. gr. sömu reglugerðar um vaxtagjöld.

Eftir atvikum þykir mega fallast á þessa verklagsreglu skatt-

yfirvalda, og þykir með hliðsjón af því verða að staðfesta úrskurð skattstjóra.“

Í máli nr. 202/1970 tók ríkisskattanevnd sama ágreiningsefni enn til úrlausnar. Einn nefndarmanna skilaði þá sératkvæði. Í forsendum meiri hluta nefndarinnar segir:

„Sú verklagsregla hefur gilt hjá skattyfirvöldum að leyfa ekki áfallna vexti á öðrum lánnum en til bókhaldsskylds atvinnurekstrar til frádráttar, fyrr en gjaldfallnir eru. Þar sem þeir vextir, sem skattstjóri hefur strikað út, virðast ekki hafa verið gjaldfallnir í árslok 1969, er úrskurður hans um þetta atriði einnig staðfestur.“

Rökstuðningur sératkvæðis er á þessa leið:

„Ég tel, að hina kærðu vexti beri að leyfa til frádráttar, sbr. 1. mgr. 53. gr. reglugerðar nr. 245/1963. Með gagnályktun frá 10. tl. 51. gr. sömu reglugerðar verður að túlka 1. mgr. 53. gr. svo, að telja beri til skuldar vexti, þó þeir séu ekki gjaldfallnir, enda samrýmist það góðri reikningsskilavenju.“

Það er upplýst í máli þessu, að gerðarþoli var launþegi, starfsmaður hjá Sjónvarpinu, og skuldabréf þau, sem mál þetta fjallar um, gaf hann út vegna kaupa á íbúð að Arnarhrauni 37 í Hafnarfirði.

Í A lið 12. greinar laga nr. 90/1965 segir, að frá tekjum skuli draga, áður en skattur er á þær lagður, vexti af skuldum gjaldanda öðrum en þeim, er um ræðir í A lið 11. gr., en í A lið 11. gr. er fjallað um rekstrarkostnað, og þar er heimilaður frádráttur vegna vaxta af skuldum, sem beinlínis stafa af atvinnu eða öflun tekna, með þeirri takmörkun, að eigi má gjaldandi telja til rekstrarkostnaðar vexti af fé, sem hann hefur sjálfur lagt í atvinnurekstur sinn, né félag eða stofnun vexti af hlutafé, stofnfé eða tryggingarfé. Aðalregla umræddra laga er því sú, að vextir eru frádráttarbærir.

Í 2. mgr. 18. gr. laga nr. 90/1965 er að finna svofellt ákvæði um tekjur:

„Tekjur skal að jafnaði telja til tekna á því ári, sem þær verða til, þ. e. þegar vegna þeirra hefur myndast krafa á hendur einhverjum, nema um óvissar tekjur sé að ræða.“

Telja verður, að sama regla gildi um frádráttarliði. Ekki er unnt að túlka orðin, „þegar vegna þeirra hefur myndast krafa á hendur

einhverjum“, á þann veg, að sú krafa þurfi að vera gjaldfallin, heldur verður að telja nægilegt, að krafan hafi myndast.

Í reglugerð nr. 245/1963 er að finna nánari útfærslu á lögnum. Í 14. gr. reglugerðarinnar er fjallað um tekjur af eignum. Samkvæmt C lið greinarinnar teljast vextir og arður til slíkra tekna. Í niðurlagi 1. mgr. 1. töluliðar C liðar segir, að vexti beri að telja til tekna, þótt þeir séu ógreiddir, „ef telja má líklegt um greiðslu.“ Það verður að álykta, að sama regla gildi um vaxtagjöld, sbr. b lið 3. mgr. 26. gr., sem síðar verður að vikið.

Þriðji kafli reglugerðarinnar, þ. e. 21.—30. grein, fjallar um frádrátt frá tekjum af atvinnurekstri. Þar er í 26. gr. fjallað um vaxtafrádrátt, og samkvæmt greininni er það aðalreglan, að draga megí alla vexti af skuldum frá, og það „enda þótt þeir verði ekki beinlínis heimfærðir undir tilkostnað við öflun teknanna (rekstrar-kostnað), þ. e. vexti af skuldum má draga frá, eins þótt skuldari hafi hvorki tekjur af eignum eða sjálfstæðum atvinnurekstri.“ Nokkrar undantekningar eru þó gerðar frá þessari aðalreglu, m. a. er í b lið 3. mgr. 26. gr. ákvæði um, að til gjalda megí eigi færa „ógreidda vexti, þótt fallnir séu í gjalddaga, ef efnahagur eða aðrar ástæður skuldara eru þannig, að fullkominn vafi geti leikið á því, hvort hann muni greiða vextina.“

Í fjórða kafla reglugerðarinnar, þ. e. 31.—40. gr., er fjallað um almennan frádrátt af tekjum. A liður 31. gr. hljóðar svo: „Allir skattskyldir aðilar, sem heimilisfastir eru hér á landi, mega draga frá vexti af skuldum skv. þeim reglum, er segir í 26. gr.“

Þannig er launþegum með skýru reglugerðarákvæði, sem á engan hátt brýtur í bága við aðrar réttarheimildir, sem fyrir liggja, veittur að þessu leyti sami réttur og atvinnurekendum til þess að draga vaxtagjöld frá tekjum sínum. Skattayfirvöld hafa viðurkennt rétt atvinnurekenda til þess að draga áfallna ógjaldfallna vexti frá tekjum, enda verður að telja það heimilt samkvæmt þeim ákvæðum, sem áður er til vitnað, og einnig virðist sú regla hafa stöð í ákvæðum 10. tl. 51. gr. og 1. mgr. 53. gr. margnefndrar reglugerðar, en í 10. tl. 51. gr. segir, að til skattskyldra eigna teljist m. a. „útistandandi skuldir, þar með taldar ýmsar fyrirframgreiðslur, svo sem fyrirframgreidd húsaleiga, fyrirframgreiddir vextir o. s. frv.“, og í 1. mgr. 53. gr. segir, að til frádráttar eignum skuli telja allar skuldir, svo sem nánar er upp talið í greininni, og í niðurlagi hennar segir: „Skuldir skal telja eins og þær eru í lok hvers skattárs. Séu vextir ógreiddir, bætast þeir við skuldina, svo framarlega sem þess er að vænta, að þeir verði greiddir.“

Niðurstaða.

Í 18. gr. laga nr. 90 frá 1965 kemur fram sú meginregla laganna, að „tekjur skal að jafnaði telja til tekna á því ári, sem þær verða til, þ. e. þegar vegna þeirra hefur myndast krafa á hendur einhverjum, nema um óvissar tekjur sé að ræða.“ Telja verður, að þessi meginregla gildi einnig um frádráttarliði.

Skattayfirvöld hafa um árabil leyft frádrátt vegna áfallinna ógjaldfallinna vaxta af lánnum vegna atvinnurekstrar. Heimild til slíks frádráttar er m. a. að finna í A lið 11. gr. og A lið 12. gr. laga nr. 90/1965, séu þær skýrðar með hliðsjón af 18. gr. sömu laga, svo og í 1. og 2. mgr. 26. gr. reglugerðar nr. 245 frá 1963, séu þau ákvæði skýrð með hliðsjón af b lið 3. mgr. 26. gr., 1. tl. C liðs 14. gr., 10. tl. 51. gr. svo og 1. mgr. 53. gr. sömu reglugerðar.

Með skýrum ákvæðum A liðs 31. gr. sömu reglugerðar er öllum skattskyldum aðiljum, sem heimilisfastir eru hér á landi, veittur réttur til þess að draga frá vexti af skuldum samkvæmt þeim reglum, er segir í 26. gr. reglugerðarinnar, þ. e. sami réttur og þeim, sem atvinnurekstur stunda. Það er því álit dómsins, að gerðarþola í máli þessu sé heimilt að færa til frádráttar tekjum sínum á skattárinu 1969 áfallna vexti af skuldabréfum, að fjárhæð kr. 30.397.00, þótt ekki séu þeir gjaldfallnir, enda samrýmist það góðri reikningskilavenju.

Fyrir því ber að synja um framgang hinnar umbeðnu lögtaksgerðar.

Samkvæmt þessum úrslitum ber gerðarbeiðanda að greiða gerðarþola málskostnað, sem telst hæfilega ákveðinn kr. 15.000.00.

Már Pétursson setufogeti kvað upp úrskurð þennan.

Ályktarorð:

Hin umbeðna lögtaksgerð skal eigi ná fram að ganga.

Gerðarbeiðandi, bæjarfogetinn í Hafnarfirði f. h. ríkissjóðs, greiði gerðarþola, Sverri K. Bjarnasyni, kr. 15.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu þessa úrskurðar að viðlagðri aðför að lögum.
